

## AUGLÝSING

190

27. des.

### um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 5. desember 1958 um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1959 skuli fella niður verðtoll af:

- a) Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b) Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c) Kornmjóli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1958.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

191

29. des.

### um söluskatt.

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1959, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1959, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

#### Söluskattur af innfluttum vörum.

#### 2. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnisborna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

#### 3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

**Tollskrá:**

**Kafli. Nr.**

- |   |      |  |
|---|------|--|
| 2 | 1—18 | Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.              |
| 3 | 1—5  | Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur. |
| 4 | 1—6  | Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.                                 |